



Dagsetning: 8. febrúar 2025
Málsnúmer: 2502063/7.0

Til fjölskyldunefndar

MINNISBLAÐ

Reglur um leikskólaþjónustu í Fjarðabyggð

Í ernidisbréfi frá 10. júní 2024 voru neðangreind verkefni sett fram er varða endurskoðun á leikskólakerfi Fjarðabyggðar. Meðal þeirra verkefna sem starfshópurinn átti að skoða voru: Vistunartími barna, skráningardagar, gjaldskrá og leiðir til að leysa úr mönnunarvanda leikskóla. Leikskólastjórar hafa um árabil kallað eftir aðgerðum sem styðja þá í að leysa úr sívaxandi áskorunum við að halda úti faglegu leikskólastarfi og mæta kjarasamningsbundnum rétti starfsmanna.

Starfshópurinn lagði til tillögur sem kæmu fram í gjaldskrá leikskólanna og á sú breyting að taka gildi frá og með 1. mars 2025.

Reglur um leikskólavistun í Fjarðabyggð hafa verið uppfærðar í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru:

- Opnunartími leikskólanna fer úr 9 klst niður í 8,5 klst. Opnun allra leikskólanna verður nú samræmd og verður frá 07:45 - 16:15.
- Almennt vistunargjald fyrir 6 klst vistun lækkar umtalsvert eða um 30% á mánuði. Markmiðið er að hvetja fjölskyldur til að stytta viðveru barna og minnka þannig álagið á þau.
- Viðbótar vistunargjald verður hækkað. Tímabilið frá kl 07:45 – 08:00 kostar 10.000 kr. á mánuði en tímabilið frá 16:00 – 16:15 kostar 5.000 kr.
- Skráningardagar verða 20 talsins á árinu og munu kosta 3.000kr per. hvern skráningardag. Þetta eru dagar þar sem ekki er gert ráð fyrir að börn mæti í leikskólann nema foreldrar skrái þau sérstaklega. Markmiðið með skráningardögum er að gefa foreldrum tækifæri til að spara leikskólajöld ef þeir geta haft börnin heima og til að starfsmenn geti í meira mæli nýtt styttingu vinnuvikunnar þessa daga eða notað orlofsdaga sína. Allir skráningardagar munu birtast í skóladagatölum leikskólanna í mars mánuði ár hvert.
- Tekjuviðmiðið verður tvískipt og veitir 50% afslátt af dvalargjöldum (það er almennu vistunargjaldi, viðbótar vistunargjaldi og gjaldi vegna skráningardaga).



- Tekjuviðmið einstaklinga verða á bilinu 0 – kr miða 0-9.000.000 kr. við meðaltekjur á 12 mánaða tímabili.
- Tekjuviðmið sambúðarfólks verður á bilinu 0-13.600.000 kr. miða við meðaltekjur á 12 mánaða tímabili.
- Innritun nemenda í leikskóla Fjarðabyggðar verður ársfjórðungslega.
- Foreldrar og forsjáradilar geta skráð börnin sín í sveigjanlega dvöl í upphafi hverrar annar eða í síðasta lagi 15. apríl fyrir sumarönn, 15. ágúst fyrir haustönn og 15. desember fyrir vorönn. Hægt verður að haga skráningum þannig að dvölin sé mismunandi eftir dögum en þó aldrei meira en 42,5 tímar á viku.
- Leikskólar opna seinna eða loka fyrir fjórum sinnum á ári vegna starfsmannafunda (ársfjórðungslega).
- Ef leikskóla eða deild er lokað vegna manneklu eða annarra óviðráðanlegra ástæðna í hálfan dag eða meira eru gjöld fyrir þann tíma felld niður.

Laufey Þórðardóttir

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs